



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

birgir@ry.is

Selfossi, 19. maí 2023
2304018HS SG

Efni: Þjóðólfshagi - Umsögn um skipulagslýsingu

Þann 4. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags fyrir Þjóðólfshaga, L165164 í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að frístundabyggð verði íbúabyggð. Í gildandi deiliskipulagi eru á svæðinu 33 lóðir undir frístundahús. Í nýju deiliskipulagi verður frístundalóðum breytt í íbúðarlóðir. Fyrirhugað er að fjölga lóðum um tvær og vera með 35 íbúðarlóðir. Vegir og veitur hafa nú þegar verið lagðir. Settir verða skilmálar fyrir útlit og yfirbragð mannvirkja, aðkomu o.fl. eftir því sem við á. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum fyrir minniháttar dýrahaldi í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemdir og/eða ábendingar síðar við meðferð málsins ef tilefni er til.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri